

Kirkjuþing 2023-2024

1. mál – þskj. 1b

**Nefndarálit og þingsályktun**  
við skýrslu þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar

Frá allsherjarnefnd  
Frsm. Puriður Björg W. Árnadóttir

Allsherjarnefnd hefur fjallað um skýrslu framkvæmdanefndar kirkjuþings og biskups Íslands, ásamt ávörpum við setningu þingsins.

Nefndir þakkar biskupi Íslands, forseta kirkjuþings og dómsmálaráðherra fyrir ávörp þeirra við þingsetningu í Grensáskirkju.

Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings, þakkaði það mikla starf sem söfnuðir landsins inntu að hendi í þágu þjóðarinnar. Þá gerði hún trúarbragðafræðikennslu að umfjöllunarefni sínu meðal annars, og lagði áherslu á að þekking á eigin trú væri forsenda til skilnings á trú annarra og væri leið til umburðarlyndis.

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, beindi orðum sínum meðal annars að stríðinu í Ísrael og Palestínu og umræðunni um sr. Friðrik Friðriksson.

Hún bað góðan Guð um að leiða til bata og farsæls lífs öll þau er orðið hafa fyrir ofbeldi af hvers konar tagi.

Guðrún Hafsteinsdóttir, dómsmálaráðherra, ávarpaði þingið og talaði af hlýhug til kirkjunnar. Hún lét þess getið að hún væri að vinna að endurskoðun á fyrirkomulagi sóknargjalda til framtíðar. Allsherjarnefnd fagnar því að sú vinna sé farin af stað.

Kirkjuþing samþykkir skýrslu framkvæmdanefndar kirkjuþings og biskups Íslands með eftirfarandi

*þ i n g s á l y k t u n*

Kirkjuþing þakkar framkvæmdarnefnd kirkjuþings, starfsfólki þjónustumiðstöðvar og biskupi Íslands fyrir störf sín á árinu. Kirkjuþing fagnar auknu samstarfi sviðanna og hvetur þau til áframhaldandi samstarfs.

Kirkjuþing tekur undir með framkvæmdanefnd kirkjuþings um mikilvægi þess að jafnvægi náist í rekstri Þjóðkirkjunnar, og að myndaður verði varasjóður.

Kirkjuþing tekur einnig undir með framkvæmdanefnd um mikilvægi þess að ríkt samráð ríki á milli rekstrarstofu og biskupsstofu, meðal annars við frágang auglýsinga um störf og ráðningu starfsmanna í þau.

Biskup Íslands tilkynnti um starfslok sín í nýársávarpi í byrjun árs. Kirkjuþing þakkar biskupi fyrir öll hennar störf síðastliðin 11 ár. Þá þakkar kirkjuþing biskupi fyrir hirðisbréf sitt sem er gott yfirlit yfir þá stefnu sem tekin var í biskupstíð hennar, til að mynda með stofnun Skjólins, athvarfs fyrir heimilislausar konur, í málefnum innflytjenda og flóttafólks, og með aðgerðum gegn ofbeldi. Kirkjuþing óskar frá Agnesi M. Sigurðardóttur velgengni og Guðs blessunar í framtíðinni.

Reykjavík, 30. október 2023.

*Allsherjarnefnd*

Auður Thorberg Jónasdóttir, varaformaður

Axel Árnason Njarðvík

Áslaug I. Kristjánsdóttir

Benjamín Hrafn Böðvarsson

Eva Björk Valdimarsdóttir

Gunnar Þór Ásgeirsson

Ólafur Gestur Rafnsson

Ríkharður Ibsen

Rúnar Vilhjálmsson

Þuríður Björg W. Árnadóttir, formaður